

Sögugrunnur, námstæki til sögugerðar

Kennsluleiðbeiningar



Guðrún Sigursteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir

2009

Formáli

Hugmyndin að *Sögugrunni* kviknaði sumarið 2000 hjá undirrituðum í diplómanámi í sérkennslu við Kennaraháskóla Íslands. Undir leiðsögn Hrafnhildar Ragnarsdóttur prófessors og í samstarfi við teiknarann Þórgunni Oddsóttur, unnum við tilraunaútgáfu af námstækinu sem síðan var notað í kennslu í leikskóla og grunnskóla. Árangurinn af kennslunni lofaði strax góðu og kennarar sem fengu kynningu á *Sögugrunninum* lýstu hrifningu sinni og vildu gjarnan sjá slíkt námstæki í sínum skólum. Því var ákveðið að þróa *Sögugrunninn* áfram og koma honum á markað svo fleiri gætu notið góðs af. Höfundar hlutu styrk úr Þróunarsjóði leikskóla og Þróunarsjóði grunnskóla árið 2003 og aftur úr Þróunarsjóði grunnskóla 2004. Styrkirnir voru notaðir til að vinna úr niðurstöðum æfingakennslunnar, ljúka hönnunarvinnu og skrifa kennsluleiðbeiningar. Í kjölfarið voru gefin út 20 eintök sem voru seld í leik- og grunnskóla. Leiðin sem farin var í framleiðslu fyrstu útgáfu *Sögugrunnsins* var hins vegar bæði kostnaðarsöm og tímafrek og ekki heppileg til fjöldaframleiðslu. Höfundar leituðu því áfram leiða til að koma námsgagninu í almenna notkun í skólum. Árið 2008 fékkst styrkur úr Þróunarsjóði námsgagna og í framhaldi af því gengu höfundar til samstarfs við eigendur Barnasmiðjunnar, Elínu Ágústadóttur og Hrafn Ingimundarson um útgáfuna.

Tilraunakennsla og viðbrögð kennara sem kynnt hafa sér *Sögugrunninn* sýna að hann nýtist jafnt til málörvunar sem og til lestrarkennslu. Börnunum hefur þótt gaman og spennandi að vinna með *Sögugrunninn*, enda býður hann upp á fjölbreytta möguleika og svigrúm fyrir ímyndunarafl og sköpunargleði sögumanns. Von okkar er sú að *Sögugrunnurinn* nýtist við að efla íslenskt mál barna landsins.

Mars 2009

Guðrún Sigursteinsdóttir og Rannveig Oddsóttir

Efnisyfirlit

<i>Formáli</i>	<i>2</i>
<i>Efnisyfirlit</i>	<i>3</i>
<i>Inngangur</i>	<i>4</i>
Sögugerð.....	<i>4</i>
Málþroski og lestrarnám.....	<i>5</i>
Máluppeldi.....	<i>6</i>
<i>Námstækið Sögugrunnur</i>	<i>7</i>
Lýsing á námstækinu.....	<i>7</i>
<i>Notkun Sögugrunns - hugmyndabanki</i>	<i>9</i>
Sögugerð.....	<i>9</i>
Orðmyndir og stafróf.....	<i>11</i>
Ritun.....	<i>16</i>
Íslenska sem annað tungumál.....	<i>18</i>
<i>Heimildaskrá</i>	<i>19</i>
<i>Fylgiskjal 1</i>	<i>21</i>

Inngangur

Fátt er mikilvægara fyrir persónu-, félags- og vitsmunaprofka einstaklings en að ná góðum tökum á tungumálinu og geta notað það til fjölbreyttra og gefandi samskipta. Mál er lykill að mannlegum samskiptum, tæki til að tjá og túlka tilfinningar, hugmyndir, reynslu og langanir. Auk þess skiptir miklu máli að hafa góð tök á málinu til að ná árangri í námi og starfi.

Þó börn virðist læra að tala svo að segja af sjálfu sér hafa margir þættir áhrif á hve fljótt og vel þau ná tökum á málinu. Málumhverfi þeirra, tækifæri og hvatning til samskipta gegna veigamiklu hlutverki í að efla málþroska. Börn þurfa að fá tækifæri til að nota tungumálið á margvíslegan hátt og láta reyna á stigvaxandi færni sína.

Frásagnir eru góð leið til að efla málþroska því það að segja sögu reynir á flesta þætti máls og málnotkunar. Námstækinu *Sögugrunni* er ætlað að styðja við sögugerð barna og auðvelda kennurum og uppalendum að vinna með og efla málþroska þeirra á markvissan hátt. Námstækið er hjálparhella við sögugerð en býður auk þess upp á marga möguleika til að vinna með tungumálið, skoða uppbyggingu þess og formgerð.

Sögugerð

Þegar sögur barna á mismunandi aldri eru bornar saman við sögur fullorðinna má greina þróun á öllum sviðum málfræði, málnotkunar og sögubyggingu. Orðaforði, tök á beygingum orða og setningafræði endurspeglast óhjákvæmilega í sögugerð sögumannsins og samfelld orðræða reynir á hæfni hans til að nota þessa þætti. Þegar börn byrja að segja sögu hafa þau ekki áttað sig á þeim grundvallarreglum sem gilda um sögubyggingu. Þau ráða engan veginn við að setja saman heilsteyptan söguþráð og koma honum á fullnægjandi hátt til skila til hlustandans. Fyrir vikið verður ekki um eiginlega sögu að ræða heldur sundurlausa lýsingu á aðstæðum og atburðum sem miða ekki að neinu ákveðnu takmarki (Berman og Slobin, 1994; Stein og Albro, 1997; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2004).

Ein af meginforsendum þess að geta sagt góða sögu er að geta notað tungumálið sem sjálfstætt táknerfi, þ.e. að nota orð til að lýsa einhverju sem er ekki nálægt í tíma eða rúmi. Ung börn hafa ekki náð þessari færni. Mál þeirra er bundið við aðstæður og athafnir og þau ganga út frá því að viðmælandi hafi sömu vitneskju og þau sjálf. Það getur því

verið erfitt fyrir þá sem ekki þekkja til að skilja frásagnir þeirra (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 1993) Þau ráða einnig illa við að setja saman söguþráð í spunninni frásögn en gengur betur að segja frá atburðum sem þau hafa sjálf upplifað og spinna eigin sögur í leik með öðrum börnum (Shapiro og Hudson, 1997).

Á aldrinum fimm til níu ára verða miklar framfarir í sögugerð. Á þessu aldursbili eru börn að ná tökum á því að nota málið sem sjálfstætt táknerfi. Frásagnir þeirra þróast frá því að vera sundurlaus upptalning á atriðum og atburðum í heilsteypa sögu með markvissri sögubyggingu (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 1992; Stein og Albro, 1997). Einnig má greina framfarir í öllum öðrum þáttum máls og málnotkunar, s.s. orðaforða og málfræði. Þessi þróun er samfara öðrum framförum í mál- og vitsmunaprofka. Á þessu mikla þróunarskeiði sögugerðar er mikilvægt að börn fái tækifæri til að þjálfra færni sína. Æfingin skapar meistarann í sagnalist eins og öðru.

Málþroski og lestrarnám

Lestur og ritmál eru annað form tungumáls og á undanförunum árum hafa sálfræðingar, málvísindamenn og lestrarfræðingar gert margvíslegar rannsóknir á því hvernig mál og lestur tengjast og hafa áhrif hvort á annað.

Hljóðkerfisvitund hefur sterkt forspárgildi um hvernig börnum gengur að ná tökum á lestrartækni, það er að umskrá prenttákn yfir í hljóð og tengja þau saman í orð og setningar (sjá m.a. Lundberg, 1999; Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2001). En rannsóknir á tengslum málþroska og lestrarerfiðleika sýna að það eru ekki einungis tengsl á milli hljóðkerfisvitundar og lestrarnáms. Börn með lestrarerfiðleika eru oftast með seinkaðan málþroska, óþroskaða setninga-gerð og minni orðaforða en þau börn sem eiga auðvelt með lestrarnám (Stackhouse, 1996). Þegar börn eru að ná tökum á umskráningartækni í upphafi lestrarnáms skiptir þroski hljóðkerfisvitundar þó meira máli en almennur málþroski. Þegar kemur að því að lesa flóknari texta fer hins vegar að reyna á orðaforða, málskilning og færni í flókinni málnotkun. Í rannsókn Snow og samstarfsmanna hennar við Harvard Graduate School of Education sem hófst 1986 var fylgst með yfir 80 börnum frá þriggja ára aldri og fram eftir grunnskólaaldri. Það kom í ljós að kynni barna af samfelldu máli, orðaforði, reynsla af sjaldgæfum orðum, kynni af bókum og almenn þekking hafa jákvæð áhrif á gengi þeirra í lestrarnámi ekki síður en sterk hljóðkerfisvitund (Snow, Burns og Griffin, 1998). Rannsóknir sýna að börn, sem læra snemma að lesa, standa sig betur á málþroskaprófum en börn sem eru seinni til. Þau koma í flestum tilfellum

frá heimilum þar sem mikið er talað við þau og stutt við málþroska þeirra á fjölbreyttan hátt. Foreldrar þessara barna segja að þau hafi ung sýnt áhuga á að leika sér með málið, búa til orð og spjalla (sjá m.a. Snow o.fl, 1998; Wells, 1987 og Dickinson og Tabors, 2001). Íslensk langtíma-rannsókn þar sem niðurstöður úr málþroskaprófum barna við fimm og sjö ára aldur og einkunnir þeirra á samræmdum prófum í 4. bekk grunnskóla voru bornar saman sýndi fram á svipuð tengsl. Börn sem voru með góða færni á málþroskaprófum við fimm og sjö ára aldur fengu langflest meðalgóðar eða góðar einkunnir á samræmdu prófi í íslensku í 4. bekk. Í sömu rannsókn kom fram að markviss þjálfun slökustu barnanna á síðasta ári þeirra í leikskóla skilaði miklum framförum í málþroska þeirra (Jóhanna Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir, 2004).

Máluppeldi

Mikilvægasta mótunarskeið málþroska er frá frumbersku og fram á unglingsár. Það skiptir sköpum fyrir hvern einstakling hvaða innlegg, örvun og hvatningu hann fær á þessu tímabili. Hæfileikinn einn og sér er ekki nóg. Börn verða ekki góðir málnotendur nema þau hafi aðgang að fjölbreytilegu og ríkulegu málumhverfi og fái tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti. Foreldrar, kennarar og aðrir uppaldendur gegna því veigamiklu hlutverki og geta haft úrslitaáhrif á málþroska einstaklingsins (Dickinson og Tabors, 2001; Snow, Burns og Griffin, 1998). Alhliða málþroski verður best æfður í samskiptum og með verkefnum þar sem reynir á samfellda orðræðu. Sögugerð og frásagnir eru meðal slíkra verkefna. Þar reynir á alla þætti máls og málnotkunar allt frá framburði og orðaforða upp í setningagerð og sögubýggingu. Sögumaður þarf auk þess að setja sig í spor hlustandans og gera sér í hugarlund hvaða vitneskju hann hefur eða hefur ekki (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2004). Sögugerð tengist þannig einnig vitþroska og rökhugsun.

Námstækið Sögugrunnur var hannað með það að leiðarljósi að auðvelda kennurum að nota sögugerð til að efla málþroska barna og búa þau undir lestrarnám. Sögugerð hefur þann kost fram yfir flest önnur verkefni að hún reynir á alla þætti málþroska. Sögugerð sem þjálfunaraðferð hefur líka þann kost að vera opin og gefa svigrúm fyrir ímyndunarafl og sköpunarhæfni einstaklingsins. Á aldrinum fimm til níu ára verða stórkostlegar framfarir í sögugerð. Á þessu þróunarskeiði sögugerðar er mikilvægt að vinna markvisst með sögugerð og styðja við og styrkja þessa þróun. Í næsta kafla verður námstækinu *Sögugrunni* lýst nánar og þar á eftir fara hugmyndir að notkun þess með leik- og grunnskólabörnum.

Námstækið Sögugrunnur

Eins og fram hefur komið varð Sögugrunnurinn til í diplomanámi Guðrúnar og Rannveigar árið 2000. Síðan þá hafa höfundar unnið með námstækið og þróað það áfram.

Veturinn 2001-2002 vann Rannveig rannsóknarverkefni á sögugerð leikskólabarna með Sögugrunninum í samvinnu við Guðrúnu. Fylgst var með sögustundum nokkurra fimm ára barna allan veturinn, sögur þeirra skráðar og skoðaðar og frammistaða og framfarir metnar. Þessa rannsókn lagði Rannveig til grundvallar meistaraþrófsverkefni sínu við KHÍ. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að þegar börn fengu tækifæri til að vinna reglulega með Sögugrunninum urðu merkjanlegar framfarir í sögugerð þeirra. Sögugrunnurinn hjálpaði þeim að átta sig á sögubyggingu og sögur þeirra urðu smám saman heilsteyptari og innihaldsríkari (Rannveig Oddsdóttir, 2004).

Lýsing á námstækinu

Sögugrunnurinn inniheldur þrens konar efnivið: myndaspjöld, prentaðar orðmyndir og stafrófið. Myndirnar eru líflegar vatnslitamyndir sem vinna auðveldlega hug og hjörtu ungra sögumanna og kveikja hjá þeim löngun til að segja sögu.

Myndaspjöldin eru 116 talsins og skiptast í sex flokka:

- ◆ Byggingar: 15 myndir
- ◆ Dýr: 19 myndir
- ◆ Farartæki: 11 myndir
- ◆ Hlutir og leikföng: 24 myndir
- ◆ Persónur: 29 myndir
- ◆ Umhverfi og veður: 18 myndir

Orðmyndirnar eru 229 talsins og skiptast í 9 flokka:

- ◆ 131 nafnorð sem skiptast í sex undirflokkar:
 - Byggingar: 15 orð
 - Dýr: 24 orð
 - Farartæki: 11 orð
 - Hlutir og leikföng: 24 orð
 - Persónur: 29 orð
 - Umhverfi og veður: 18 orð

- ◆ 50 sagnorð
- ◆ 37 lýsingarorð
- ◆ 11 smáorð

Stafrófið

- ◆ Fimm eintök af hverjum lágstaf.
- ◆ Tvö eintök af hverjum hástaf.

Spjöldin hafa öll segul á bakhliðinni sem gerir mögulegt að festa þau á stáltöflu. Hver flokkur hefur sinn einkennislit sem auðveldar að raða spjöldunum aftur í kassann að leik loknum. Í fylgiskjali er að finna lista yfir öll orðin í orðasafni *Sögugrunnsins*, sem auðveldar leit að þeim orðum sem á að nota.

Notkun Sögugrunns - hugmyndabanki

Markmið námstækisins *Sögugrunns* er að efla málþroska og frásagnarhæfni barna og vekja áhuga þeirra á ritmáli og tengslum talmáls og ritmáls. Námstækið var hannað með elstu leikskólabörnin í huga en hentar vel börnum frá tveggja ára aldri og upp úr.

Frásagnir eru meginviðfangsefni *Sögugrunnsins*. Hægt er að vinna með frásagnir og sögugerð á margvíslegan hátt í ræðu og riti. Auk sögugerðarinnar er hægt að nýta efnivið *Sögugrunnsins* til stafa- og lestrarkennslu, hljóðgreiningar-, ritunar- og stafsetningaræfinga.

Hér á eftir eru settar fram hugmyndir að vinnu með *Sögugrunninn*. Þessum lista er ekki ætlað að vera tæmandi heldur fyrst og fremst að kveikja hugmyndir að notkunarmöguleikum. Einn aðalkostur efnisins er hve opið það er í notkun. Möguleikarnir eru óþrjótandi svo hver kennari getur fundið sínar eigin leiðir til viðbótar við það sem hér er lagt til og sniðið notkun *Sögugrunnsins* að þörfum síns nemendahóps.

Áður en börnin fara að nota *Sögugrunninn* til sögugerðar er æskilegt að gefa þeim góðan tíma til að skoða myndirnar og handfjatla þær. Reynsla höfunda sýnir að fyrstu skiptin fara að mestu í að skoða efniviðinn og kynnst honum og sögurnar verða heilsteyptari og söguþráðurinn markvissari þegar börnin þekkja myndirnar.

Sögugerð

Eins og fram kemur hér að framan hafa fæst börn á leikskólaaldri náð þeirri færni að nota málið sem sjálfstætt táknerfi og segja sögu þannig að sá sem ekki þekkir söguefnið fyrir skilji hana. Börn ráða betur við að segja frá atburðum sem þau hafa sjálf upplifað og einnig að spinna sögu í leik með öðrum börnum.

Sögugrunnur er hugsaður sem brú á milli leiks og frásagnar. Myndirnar lifna við í höndum sögumanna og hjálpa þeim að skipuleggja og segja söguna. Yngstu börnin segja söguna munnlega en kennari getur síðan hjálpað þeim að færa hana yfir í ritað mál. Eldri börn geta hvort heldur sem er sagt eða skrifað sögu í kringum myndirnar.

Margar leiðir eru færar til að segja sögur með aðstoð myndanna, en allar snúast þær þó á einn eða annan hátt um að velja myndir og þar með efnivið í sögu. Yngstu börnin skoða gjarnan myndirnar og setja nöfn á þær án þess að segja eiginlega sögu. Kennarinn getur líka notað myndirnar til að segja börnunum sögu og smám saman fengið þau til að taka þátt í sögugerðinni t.d. með því að leyfa þeim að velja myndir í söguna og/eða leggja orð í belg.

Helstu leiðir til að segja sögu með aðstoð myndanna:

a) Sögumaður velur myndir og söguefni.

Eðlilegast er að sögumenn velji sjálfir myndir úr myndabankanum. Sögumaður getur þá valið efni sem höfðar til áhuga hans og þekkingar og fær tækifæri til að skapa sína eigin sögu frá grunni. Til að byrja með er þó æskilegt að setja börnunum mörk um fjölda mynda, því ef það er ekki gert hættir þeim til að tína fram of margar myndir og ná fyrir vikið ekki að halda utan um allt sem við sögu kemur. Til að byrja með er hæfilegt að leyfa þeim að velja tvær til þrjár myndir úr hverjum kassa. Sögumaður raðar myndunum á segultöflu annað hvort áður en hann byrjar að segja söguna eða um leið og hann segir hana.

Hlutverk kennarans er fyrst og fremst að vera góður hlustandi, en jafnframt að styðja börnin og hvetja. Það er sjálfsögð virðing við sögumann að leyfa honum að ljúka sögunni óáreittur og aldrei ætti að grípa inn í frásögn barns nema það þurfi á aðstoð og hvatningu að halda til að geta haldið áfram með frásögnina. Þegar barnið hefur sagt söguna er hins vegar kjörið að rifja hana upp, draga fram og ræða einstök atriði. Með umræðum að sögugerð lokinni gefst líka tækifæri til að koma með spurningar og vangaveltur um söguna og fá sögumann til að dýpka hana og koma með þær útskýringar sem ekki komu fram í frumútgáfunni en eru nauðsynlegar til að sagan skiljist. Slík upprifjun og samantekt hjálpar börnunum að átta sig á einstökum þáttum sögugerðarinnar, svo sem söguþræði, persónusköpun og umhverfi. Með því að fá börnin til að segja meira frá persónum sögunnar, skýra orsakasamhengi hennar eða bæta frásögnina á annan hátt má hjálpa þeim að ná tökum á frásagnarlistinni.

b) Kennari velur myndir og söguefni.

Kennari getur valið myndir fyrir sögumenn og haft þannig áhrif á söguefnið. Þá leið er t.d. gott að fara ef sögumenn festast í því að nota sömu myndir aftur og aftur og endursegja jafnvel sömu söguna. Sama á við þegar sögumönnum gengur illa að skapa samfelldan söguþráð með myndunum, velja t.d. myndir sína úr hverri áttinni og gengur ekki að ná þeim saman í eina frásögn. Kennari getur einnig beitt þessari aðferð þegar hann vill láta nemendur vinna með ákveðið efni.

c) Fleiri en einn sögumaður.

Tveir til þrjár sögumenn geta unnið saman að því að búa til sögu og þurfa þá að koma sér saman um söguefni og söguþráð. Þegar þessi leið er farin er nauðsynlegt að gefa sögumönnum tíma til að ræða málin og komast að samkomulagi áður en byrjað er að segja söguna.

Séu sögumenn fleiri en þrír þarf kennarinn að vera verkstjóri og sjá til þess að allir fái að vera með þeir frökkustu náí ekki yfirhöndinni og hindri að þeir feimnari komist að. Gott er að fara eftir ákveðinni röð. Einn byrjar og næsti tekur við. Myndirnar má annað hvort velja í sameiningu áður en byrjað er á sögunni eða jafnóðum og hún er sögð. Þriðji möguleikinn er að úthluta öllum nemendum myndum sem þeir þurfa síðan að koma inn í frásögnina þegar röðin kemur að þeim.

Í stað þess að láta börnin koma inn í frásögnina eftir fyrirfram ákveðinni röð má kalla eftir hugmyndum um það hvað gerist næst og annað hvort láta handaupplýfingar ráða för eða fá fram nokkrar hugmyndir um framvindu og láta hópinn velja úr þá hugmynd sem best þykir. Þessi leið opnar fyrir umræðu um sögugerðina og getur stuðlað að því að börnin verði meðvitaðri um sögugerðina, söguþráð, persónur o.s.frv.

Orðmyndir og stafróf

Eitt markmið *Sögugrunnsins* er að opna augu barnanna fyrir tengslum talmáls og ritmáls og vekja áhuga þeirra á lestri og ritmáli. Orðmyndirnar og stafirnir sem fylgja *Sögugrunninum* eiga að hjálpa ungum sögumönnum að stíga fyrstu skrefin á ritvellingum. Orðmyndirnar eiga við myndirnar í myndabankanum og þar sem hvoru tveggja er hlutstætt hjálpar það yngstu börnunum að átta sig á og skilja að stafir og orð eru tákn fyrir hluti og hugmyndir.

Að færa sögur í orð

Þegar börnin hafa fengið æfingu í að segja sögu með aðstoð myndanna má sýna þeim hvernig hægt er að tákna það sama með stöfum og orðum. Það er hins vegar ekki nauðsynlegt að skrá allar sögur sem börnin segja. Skrásetningin er tímafrek og gott að börnin hafi náð einhverjum tökum á sögugerðinni áður en ráðist er í að skrá sögurnar. Þess í stað má taka þær upp á hljóðsnældu eða myndband. Börnin geta þá hlustað á eigin sögur og kennari skoðað sögur einstakra barna og metið stöðu þeirra og framfarir í sögugerðinni.

Hægt er að velja um nokkrar leiðir til að skrá sögurnar:

a) Kennari skráir söguna.

Kennari getur skráð söguna um leið og hún er sögð eða eftir upptöku að sögustund lokinni. Skráning um leið og sagan er sögð hefur þann ókost að

Það er erfitt að ná öllu niður sem sagt er og kennari verður ekki virkur hlustandi þegar hann er upptekinn við að skrá. Eigi að skrá söguna um leið og hún er sögð er því nauðsynlegt að hafa sögumann með í ráðum og biðja hann að tala hægt og skýrt svo hægt sé að skrá það sem hann segir. Á þann hátt verður sögumaður þátttakandi í ritunarferlinu. Það hægir líka á frásögninni og sögumaður fær svigrúm til að hugsa sig um áður en næsta setning er sögð. Það er reynsla höfunda að sögurnar verða oft dýpri og markvissari þegar þessi leið er farin. Auk þess gefst tækifæri til að ræða um og gefa börnunum tilfinningu fyrir hugtökum eins og *setning* og *orð*.

b) Upprifjun og skráning.

Sögumaður/sögumenn segir söguna fyrst munnlega en að því loknu er hún rifjuð upp og skráð annað hvort af kennara eða börnunum sjálfum. Þessi leið ýtir undir umræður um frásögnina og opnar fyrir spurningar kennara og hlustenda. Þegar sagan er rifjuð upp koma brestir í söguþræðinum oft betur í ljós og í gegnum upprifjun og umræður átta börnin sig smám saman á því hvernig frásögn þarf að vera til að geta flokkast sem saga. Upprifjun gerir þá kröfu til barnanna að þau hlusti og taki eftir meginefni sögunnar og hún hjálpar börnunum líka að læra að greina á milli góðra og slakra frásagna. Það er erfitt að rifja upp og endursegja frásögn sem hefur lélegan eða jafnvel engan söguþráð. Sögumaðurinn sjálfur lendir jafnvel í erfiðleikum með að endursegja slíka sögu.

c) Börnin skrá á sinn hátt með myndum og eigin lettri.

Börnin geta líka skráð söguna sjálf. Til að byrja með nota þau eigið táknkerfi sem getur t.d. samanstaðið af myndum og „kroti“, en eftir því sem þekking þeirra á stöfum og ritmáli eykst þróast skráningin í hefðbundið ritmál. Mikilvægt er að kennarinn viðurkenni skráningaraðferðir barnanna en sé jafnframt tilbúinn til að aðstoða þau við að prófa sig áfram með hefðbundna stafaskrift þegar þau sýna því áhuga. Ekki má samt leggja of mikla áherslu á að kenna þeim hefðbundna stafaskrift, því það getur orðið til þess að þau verða feimin við að nota sína eigin skráningaraðferð. Þegar börnin hafa náð tókum á að skrifa stafina, geta þau fengið orðmyndirnar sem þau notuðu í sögunni og skrifað upp eftir þeim. Sögum barnanna má safna saman í sögubók eða möppu leikskóla- eða grunnskólabekkjarins. Hvert barn getur líka átt sína sögubók. Þessi sögusöfn má síðan taka fram öðru hverju og lesa sögurnar fyrir börnin, eða láta þau lesa/segja sögurnar sínar fyrir hin börnin.

d) Skráning með aðstoð orðmyndanna.

Orðmyndirnar sem fylgja *Sögugrunninum* eru m.a. hugsaðar til að færa sagðar sögur í ritmál. Þegar sögumaður hefur sagt söguna finnur hann eða

kennari lykilorð frásagnarinnar í orðabankanum. Orðin eru síðan notuð til að skrá frásögnina, með því að búa til setningar í kringum þau. Orðabanki *Sögugrunnsins* er vissulega langt frá því að vera tæmandi en í honum á engu að síður að vera hægt að finna algengustu orð íslensks máls. Þau orð sem upp á vantar má annað hvort setja saman úr stöfunum eða skrifa beint á töfluna.

e) Nemendur skrá á hefðbundinn hátt.

Nemendum sem eru farnir að skrifa sjálfir geta að sjálfsgöðu skráð sögurnar á eigin spýtur. Í kaflanum um ritun eru hugmyndir um útfærslu á slíkri sögugerð.

Leikir með orð og myndir

Stafina og orðmyndirnar má nota á margvíslegan hátt til að hjálpa börnunum að átta sig á uppbyggingu talmáls og ritmáls, t.d. hugtök eins og *orð* og *setning* eða þegar unnið er með orðflokka. Öllum myndunum í myndabönkunum fylgja orðmyndir sem eiga við þær. Myndirnar og orðin er tilvalið að nota til að kynna ritmálið fyrir börnum bæði í leik- og grunnskólanum og hjálpa þeim að skilja að rituð orð eru tákn fyrir athafnir og hluti í umhverfi okkar.

Ýmis konar pörunarleikir með myndir og orð eru heppilegir til að börn skilji tengsl talaðs máls og ritaðs og vekja áhuga þeirra á að læra að lesa. Hér á eftir fara hugmyndir að nokkrum slíkum leikjum.

a) Para saman myndir og orð.

Einn flokkur eða ákveðnar myndir og orð eru valin til að vinna með, og myndum og orðum raðað saman. Margar útfærslur eru mögulegar, s.s. að raða myndunum á töfluna og leyfa börnunum síðan að draga orð og finna út við hvaða mynd það á. Þennan leik má líka leika á hinn veginn, þ.e. raða orðum á töfluna og finna svo hvaða mynd á við hvert orð. Í þessum leik átta börnin sig á því að stundum geta fleiri en eitt orð átt við hverja mynd (t.d. mamma og kona) og eitt orð getur átt við fleiri en eina mynd. Orð er þannig ekki alveg það sama og mynd.

b) Að lesa orð og myndir.

Myndum raðað á töfluna og viðeigandi orðmyndum fyrir neðan. Lesið í gegnum rununa með börnunum. Myndirnar síðan teknar í burtu og orðin lesin aftur. Börn sem eru ekki farin að lesa sjálf hafa oft mjög gaman af þessum leik. Í gegnum leik eins og þennan læra þau lestraráttina og jafnvel að þekkja einhverjar orðmyndir. Þegar börnin hafa áttað sig á því hvernig orðin koma í stað myndanna má bæta inn smáorðum, sögnum eða lýsingarorðum. Sýna börnunum fyrst orðið, setja það svo með orðunum

sem fyrir eru og lesa það sem þá stendur á töflunni. Á sama hátt má taka í burtu orð og lesa rununa aftur, eða færa til orð og sjá hvað breytist. Fleiri hugmyndir eru kynntar í kaflanum um málfræði og setningagerð hér aftar.

c) Að skoða orðin.

Orðmyndirnar henta vel til að skoða orð og vinna með hugtök eins og langt orð, stutt orð o.s.frv. Þegar búið er að para saman orð og myndir er tilvalið að skoða hvaða mynd á lengsta orðið, hvort einhver orð byrja á sama staf, hvort orðmyndirnar eru settar saman úr fleiri en einu orði o.s.frv.

d) Að finna orð.

Þegar búið er að raða saman orðum og myndum og lesa orðin er skemmtilegur leikur að færa þau frá myndunum, rugla þeim og láta börnin síðan finna aftur tiltekin orð. Þessi leikur æfir sjónminni þeirra og þau fara að leita að leiðum til að þekkja aftur ákveðið orð, sem hvetur til þess að þau fari að velta því fyrir sér hvernig táknerfið er byggt upp.

Málfræði og setningagerð

Auk orðmyndanna, sem eiga við myndirnar, eru þrír aðrir flokkar orða í kassanum: smáorð, lýsingarorð og sagnorð. Þessir orðflokkar koma að góðum notum þegar unnið er með setningar, orðflokkgreiningu og beygingar orða svo fátt eitt sé nefnt.

a) Orðflokkar:

Orðabankinn kemur að góðum notum þegar fjallað er um orðflokka og setningagerð. Orðmyndirnar sem fylgja *Sögugrunninum* eru flokkaðar í nafnorð (sem skiptast í nokkra undirflokka), sagnorð, lýsingarorð og smáorð. Orðflokaskiptingin verður því hlutstæð og þegar börnin hafa skoðað innhald hvers flokks og unnið með það í setningagerð og ýmiss konar æfingum eiga þau auðveldara með að skilja orðflokaskiptinguna og hvaða orð tilheyra hverjum flokki.

b) Nafnorð og smáorð.

Smáorðin sem fylgja *Sögugrunninum* eru flest algeng í töluðu og rituðu máli. Um er að ræða algengustu samtengingar og atviksorð sem heppilegt er að þekkja sjónrænt til að auka leshraða í upphafi lestrarnáms. Smáorðin er tilvalið að kenna í samhengi við önnur orð og þegar unnið er með ungum börnum er heppilegast að nota nafnorðin því þau tákna hluti sem eiga samsvarandi myndir í myndabankanum. Smáorðin er kjörið að kynna í framhaldi af pörunarleikjum sem lýst var í kaflanum hér að framan. Þá er byrjað á að para saman orð og myndir og það sem stendur á

töflunni lesið með aðstoð orða og mynda. Ákveðið smáorð er síðan kynnt og því bætt inn á milli orðanna sem fyrir eru á töflunni. Nýja setningin er lesin og orðið fest í minni með endurtekningum. Smáorðin má líka kynna og æfa með myndunum eingöngu. Smáorð er þá sett á milli mynda og lesið úr myndum og orðum.

c) Nafnorð og lýsingarorð.

Börnin draga eða velja nafnorð eða mynd og þar næst draga þau lýsingarorð og búa til setningu sem inniheldur bæði orðin. Kennari eða nemendur skrifa setninguna á töfluna með aðstoð orðmyndanna. Orðaspjöldin geta staðið inni í setningunum og þá þarf eingöngu að rita þau orð sem tengja þau saman. Þannig verður enn skýrara fyrir leikmönnum hvernig orðin sem dregin voru eru hluti af setningu. Til að gera leikinn erfiðari má gera þá kröfu að setningarnar séu sannar. Þá verður ákveðin þraut að búa til setningar úr samsetningu eins og „mús – stór“ sem krefst þess að börnin setji inn neitun eða lengi setninguna, t.d. „músin er ekki stór“ eða „músin er lítil og kýrin er stór“. Hér reka börnin sig líka fljótt á það að lýsingarorðin breytast eftir því hver á í hlut. Strákurinn er *feitur*, stelpan *feit* og barnið *feitt*. Ef kyn lýsingarorðsins passar ekki við persónuna þarf nemandinn að skoða hvernig þarf að breyta orðinu svo það verði rétt. Þegar unnið hefur verið með lýsingarorð á þennan hátt er tilvalið að ræða við börnin um það hvernig orð lýsingarorð eru. Hvað eiga orðin sem unnið hefur verið með sameiginlegt, hvað einkennir þau o.s.frv. Leikir sem þessi auðvelda nemendum að átta sig á mismunandi orðflokkum og læra að greina á milli þeirra.

d) Nafnorð og sagnorð.

Sama form og þegar unnið er með nafnorð og lýsingarorð. Nemendur draga eða fá úthlutað nafnorði og sagnorði og eiga að búa til setningu úr þeim. Líkt og lýsingarorðin eru í mismunandi kynjum eru sagnorðin öll í nafnhætti á spjöldunum svo þeim getur þurft að breyta eftir samhenginu sem þau birtast í. Enn og aftur gefst því tækifæri til að ræða um form málsins og kynnast íslenskri málfræði.

e) Nafnorð, lýsingarorð og sagnorð.

Þegar börnin eru orðin fær í að setja saman setningar úr tveimur orðum má þyngja þrautina og láta þau draga þrjú orð í einu, eða jafnvel enn fleiri.

Bókstafir

Sögugrunnur inniheldur sjö eintök af hverjum bókstaf íslenska stafrófsins, auk c, z, w og q. Tvö eintök af hástöfum og fimm eintök af

lágstöfum. Stafina má nýta á ýmsan hátt til stafa-, lestrar- og ritunarkennslu.

a) Að læra stafina.

Stafirnir henta vel fyrir unga krakka sem eru að byrja að átta sig á táknum og læra stafina. Hægt er að fara í allskyns leiki, s.s. para saman eins stafi, para saman litla og stóra stafi, geta upp á heiti stafa og hljóðum þeirra, geta hver á hvaða staf o.s.frv.

b) Að raða stöfum í orð.

Stafina má nota til að raða þeim saman í orð og setningar. Skemmtileg þraut fyrir yngstu börnin að mynda orð með stöfunum, t.d. raða þeim saman og mynda nöfnin sín, herma eftir orðmyndunum, eða reyna að skrifa orðin sem eiga við myndirnar. Leikir sem þessi hjálpa þeim að skilja að orð eru sett saman úr minni einingum.

c) Orðasmíð.

Þegar börnin eru farin að þekkja stafina og ná tökum á hljóðgreiningu geta þau notað stafina til að búa til orð. Í grunnskólanum reynir þá á sömu færni og í hefðbundinni vinnubókarvinnu en stafavinnan er engu að síður skemmtileg tilbreyting frá pappírsvinnunni.

d) Krossgátur.

Stafirnir henta vel fyrir krossgátuleiki upp á töflu. Eitt barn byrjar að mynda orð. Næsta barn reynir að mynda orð sem sker orðið sem fyrir er o.s.frv.

e) Stafa- og hljóðgreiningarleikir.

Í leikskólanum og fyrsta bekk grunnskólans og einnig í sérkennslu á báðum skólastigum henta stafirnir vel í alls kyns hljóðgreiningar- og æfingaleikjum. T.d. að draga staf og finna orð sem byrjar á viðkomandi staf, raða saman nokkrum stöfum og hljóða sig í gegnum stafarununa eða reyna að greina einstök orð niður í minni einingar.

Ritun

Efnivið *Sögugrunnsins*, jafnt myndir og orðmyndir, er tilvalið að nota sem kveikju og stuðningsefni í ritun. Myndirnar má nota sem hugmyndabanka fyrir sögugerð í ritun á sama hátt og gert er þegar saga er sögð. Orðmyndirnar nýtast þá einnig sem stuðningur við stafsetningu sem kemur sér vel fyrir þá nemendur sem eiga erfitt með að stafsetja rétt.

Huga verður að því að breyta stafsetningu í orðum í samræmi við texta s.s. hvað varðar tíð, tölu og föll. Þennan eiginleika má telja kost frekar en galla þar sem hann vekur nemendur til vitundar um formgerð málsins. Orðabankinn er einnig góður hugmyndabanki fyrir andlausa rithöfunda.

Hér eru nokkrar hugmyndir að ritunarverkefnum:

a) Lýsingar.

Nemendur velja eða fá úthlutað einni persónu, dýri eða hlut til að lýsa. Þau fá viðkomandi mynd og orðmynd í hendur og velja síðan úr lýsingarorðunum þau orð sem þau vilja nota. Loks skrifa þau lýsingu með aðstoð orðanna sem þau völdu.

b) Sögugerð.

Hægt er að vinna með ritaða sögugerð eftir sömu leiðum og lýst er hér að framan. Börnin velja eða fá úthlutað myndum og orðum, til dæmis nokkrum persónum, lýsingarorðum og sögnum, og þeim falið að semja sögu út frá þeim.

d) Sögubygging.

Sögugrunninn er gott að nota til að kenna nemendum sögubyggingu. Efniviðurinn auðveldar kennara að gera fyrirbæri eins og *persónur*, *umhverfi* og *atburðarás* sýnileg. Það má t.d. gera með því að láta nemendur skrifa sögu í áföngum; byrja t.d. á að láta þau gera persónulýsingar og lýsa sögusviðinu en skrifa söguna sjálfa að því búnu. Slík verkefni henta vel til hópvinnu. Einn möguleikinn að láta fyrst alla í bekknum gera persónulýsingu um eina persónu, en vinna síðan saman nokkur í hóp og skrifa sögu um persónurnar. Þá þurfa þau að koma sér saman um það hvar sagan á að gerast, hver atburðarásin á að vera og hvernig einstakar persónur taka þátt í ævintýrinu.

e) Að búa til sín eigin orð og tákni.

Mynda- og orðasöfnin eru langt frá því að vera tæmandi og fyrr eða síðar kemur að því að barn vill nota mynd eða orð sem er ekki til í kassanum. Þessi vandi gefur námstækinu nýja vídd og má leysa á ýmsa vegu. Hægt er að finna tákni sem er svipað og barnið getur sæst á að nota. Dæmi um það gæti verið að nota myndina af hundinum til að tákna úlf, þar sem ekki er mynd af úlfi í kassanum, eða nota orðið *tungl*, þó barnið tali um mána í sögunni. Þessi leið hjálpar börnunum að átta sig á skyldleika hluta og orða, samheitum o.þ.u.l. Einnig má búa til það sem vantar: Teikna mynd af úlfinum á lítinn miða, og skrifa „máni“ á miða eða búa orðið til úr stafaspjöldunum. Þegar börnin hafa notað *Sögugrunninn* um tíma getur verið gaman að leyfa þeim að búa til sínar

eigin persónur og/eða hluti til að bæta í kassann. Verkefnið getur líka verið að teikna sjálfsmynd og skrifa nafnið sitt, svo þau geti sjálf verið með í sögunum. Einnig er hægt að láta börnin finna myndræn ták fyrir þau orð sem ekki eiga sér myndir í kassanum (sagnorð, lýsingarorð og smáorð). Slík vinna hjálpar þeim að átta sig á málinu sem táknkerfi og gerir líka kröfu til þeirra um að velta því fyrir sér hvað orðið þýðir og hvernig hægt sé að tákna það á myndrænan hátt. Hér má líka ganga skrefi lengra og gera tilraunir með margskonar táknkerfi, t.d. látbragð eða táknmál.

Íslenska sem annað tungumál

Á undanförunum árum hefur tvítyngdum börnum og börnum sem hafa íslensku sem annað mál fjölgað mikið í skólum hér á landi. *Sögugrunninn* er hægt að nýta til viðbótar öðru námsefni í íslenskukennslu þessara barna.

Val á myndum og orðum í *Sögugrunninum* miðast við veruleika íslenskra barna og reynt var að velja myndefni og orð sem spanna þeirra líf, störf og reynsluheim. Efniviðurinn nýtist því ekki eingöngu til að búa til sögur heldur má líka nota hann til að hjálpa börnum að koma orðum yfir daglegt líf sitt. Barn sem ekki hefur íslenskt orð yfir hluti sem það vill tjá getur e.t.v. fundið mynd í *Sögugrunninum* sem hjálpar því af stað. Einnig má búa til orðaspjöld með orðum á móðurmáli barnsins og gefa því þannig kost á að kynna sitt móðurmál fyrir kennara sínum og bekkjar-systkinum. Orðaspjöldin má síðan nota í pörunarleiki með íslensk og erlend orð. Leikirnir sem lýst er hér að framan nýtast líka margir hverjir nýbúum sem eru að ná tókum á málinu og átta sig á formi þess og reglum.

Heimildaskrá

Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir (2001). Athugun á hljóð- og málvitund 5-6 ára barna – tengsl við síðari lestrarfærni. *Talfræðingurinn*, 15(1), 22-27

Berman, R. A. og Slobin, D. I. (1994). Narrative structure. Í R. A. Berman og D. I. Slobin (ritstjórar), *Relating events in narrative: A crosslinguistic developmental study* (bls. 39-84). Hillsdale, N.J.: Lawrence Erlbaum.

Dickinson, D. K. og Tabors, P. O. (ritstjórar). (2001). *Beginning literacy with language*. Baltimore, Md.: Paul Brookes Publishing Co.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir (1992). Episodic structure and interclausal connectives in Icelandic children's narratives. Í R. Söderberg (ritstjóri), *Berättelser för och av barn* (bls. 33-45). Lund: Lund University Child Language Research Institute.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir (1993). Mál og frásagnir. Í Hörður Þorgilsson og Jakob Smári (ritstjórar), *Sálfræðibókin* (bls. 58-61). Reykjavík: Mál og menning.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir (2004). Málþroski barna við upphaf skólagöngu. Sögubýgging og samloðun í frásögnum 165 fimm ára barna: Almenn einkenni og einstaklingsmunur. *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands*. 13. árg., 2. h., 2004, bls. 9-31

Jóhanna Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir (2004). Málþroskamælingar í leikskóla og forspárgildi þeirra um námsgengi í grunnskóla. *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands*. 13. árg., 1. h., 2004, bls: 67-90.

Lundberg, I. (1999). Towards a sharper definition of dyslexia. Í I. Lundberg, F. E. Tønnesen og I. Austad (ritstjórar), *Dyslexia: Advances in theory and practice* (bls. 9-29). Dordrecht: Kluwer Academic Publisher.

Rannveig Oddsdóttir (2004). *Málproski og sögugerð 5-6 ára barna*. Óbirt meistaraþrófsverkefni. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

Shapiro, L. R. og Hudson, J. A. (1997). Coherence and cohesion in children's stories. Í J. Costerman og M. Fayol (ritstjórar), *Processing interclausal relationships: Studies in the production and comprehension of texts* (bls. 23-48). Mahwah, N.Y.: Lawrence Erlbaum.

Snow, C. E., Burns, M. S. og Griffin, P. (ritstjórar) (1998). *Preventing reading difficulties in young children*. Washington, DC.: National Academy Press.

Stackhouse, J. (1996). Speech, spelling and reading: Who is at risk and why? Í M. Snowling og J. Stackhouse (ritstjórar), *Dyslexia, speech and language: A practitioner's handbook* (bls 12-30). London: Whurr.

Stein, N. L. Og Albro, E. R. (1997). Building complexity and coherence. Children's use of goal-structured knowledge in telling stories. Í M. Bamberg (ritstjóri), *Narrative development: Six approaches* (bls. 5-44). Mahwah, N.J.: Lawrence Erlbaum.

Wells, G. (1987). *The meaning makers: Children learning language and using language to learn*. London: Hodder & Stoughton.

Fylgiskjal 1

Orðalisti í Sögugrunninum

Nafnorð

Byggingar:

bær
blokk
borg
búð
fjölbýlishús
höll
hús
kirkja
leikskóli
sjúkrahús
skóli
snjöhús
sveitabær
tjald
verslun

Dýr:

Api
björn
fiskur
fill
flóðhestur
fluga
fugl
gíraffi
hæna
hani
hestur
hundur
hvalur
ísbjörn
kanína
kengúra
kind
kónguló
krókódill
köttur
krummi
kýr
leðurblaka

ljón
mús
nashyrningur
önd
refur
sebrahestur
skjaldbaka
slanga
svanur
svín
tígriisdýr

Farartæki:

bátur
bíll
brunabíll
flugvél
hjól
lögreglubíll
rúta
sjúkrabíll
skip
strætó
þyrta

Hlutir og leikföng:

bangsi
blýantur
bók
bolti
borð
dúkka
dýr
fata
fjár sjóður
gluggi
hurð
kubbar
litir
peningar
reglustika

rúm
sippuband
skæri skápur
skófla
stóll
strokleður
taska
tölvuspil

Persónur:

afi
álfur
amma
barn
brunaliðsmaður
draugur
drotning
engill
geimvera
heilladís
hjúkrunarfræðingur
indíáni
karl
kerling
kona
kóngur
læknir
lögregla
maður
mamma
norn
ófreskja
pabbi
skrímsli
stelpa
strákur
þjófur
tröll
unglingur

Umhverfi og veður:

á
blóm
eldur
fjall
gras
lækur
rigning
sjór
skógur
ský
snjócoma
snjór
sól
stjarna
tré
tungl
vatn
vindur

Lýsingarorð:

appelsínugulur
blár
bleikur
brúnn
dökkt
fallegt
feitur
fjólublár
gamall
glaður
gott
grænn
grár
gulur
hægt
hart
heitt
hratt
hvítur
kalt
langur
leiðinlegt
lítil
ljóst
ljótt
mjór
mjúkt

rauður
skemmtileg
sorglegt
stór
stuttur
svartur
þunn
þykk
ungur
vont

Sagnorð:

aka
baular
borða
byggja
er
fara
finna
fljúga
gaggar
galar
galdra
ganga
geltir
heyra
hjóla
hlæja
hlaupa
hneggjar
hoppa
hrín
jarmar
kaupa
keyra
klifra
klippa
koma
krunkar
læra
leita
lesa
loka
mála
mjálmar
moka
opna

ræna
ríða
sigla
sippa
sjá
skríða
skrifa
sofa
spila
stela
syngja
tala
teikna
tístir
týna

Smáorð:

á
eða
ekki
en
frá
hjá
í
með
og
til
úti